Fjallabyggð

Valkostir í rekstri bókasafna í Fjallabyggð

Nóvember 2008
Vinnuhópur um framtíðarrekstur
bókasafna í Fjallabyggð

Fjallabyggð

Efnisyfirlit

Inngangur 3

Núverandi rekstur 3

Bókasafn Ólafsfjarðar 3

Bókasafn Siglufjarðar 4

Rekstrarkostnaður 6

Rekstrarkostnaður árið 2007 6

Rekstrarkostnaður árið 2008 6

Áætlun rekstrarkostnaðar 2009 7

Samanburður við önnur sveitarfélög 2007 7

Skjalamál 9

Valkostir Fjallabyggðar 12

Hlutverk og tilgangur bókasafna 14

Skyldur sveitarfélagsins 14

Verðmæti bókasafnsþjónustu 16

Þjónusta bókasafna 17

Fræðsluefni og upplýsingaleit 17

Nálægð við viðskiptavini 17

Þjónusta við skóla 18

Önnur þjónusta 19

Hagræðingarmöguleikar 20

Forsendur 20

Laun og starfsmannakostnaður 20

Húsnæðiskostnaður 21

Aðrir hagræðingarmöguleikar 21

Niðurstaða vinnuhóps 22

Inngangur

Við sameiningu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar í júní 2006 var gert ráð fyrir að í henni fælust möguleikar á hagræðingu í rekstri stofnana hins nýja sveitarfélags. Það er því eðlilegt framhald sameiningar að skoða möguleika á samræmingu og samþættingu í rekstri.

Á 8. fundi sínum þann 1. júlí 2008 bókaði sameiningarnefnd eftirfarandi:

„Nefndin telur ekki forsendur fyrir því að söfnin verði sameinuð strax, en telur brýnt að farið verði í vinnu við að undirbúa sameiningu þeirra og hvernig standa skuli að varðveislu skjala í sveitarfélaginu. Nefndin vísar því til menningarnefndar að setja á stofn starfshóp sem fyrst, sem vinnur að framtíðarskipulagi bóka- og skjalasafna í sveitarfélaginu“.

Í kjölfarið var skipaður starfshópur sem í sátu Karítas Skarphéðinsdóttir Neff, fræðslu- og menningarfulltrúi, Jón Hrói Finnsson, þróunarstjóri, Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir, bæjarfulltrúi og bókasafns- og upplýsingafræðingur, Agnes Vaka Steindórsdóttir, starfsmaður Bókasafns Ólafsfjarðar og Ingibjörg Ásgeirsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Siglufjarðar.

Þegar vinna við verkefnið hófst varð fljótlega ljóst að seta í hópnum var óþægileg fulltrúum bókasafnanna vegna beinna hagsmuna þeirra af niðurstöðum verkefnisins. Þeir báðust því undan frekari þátttöku en hafa verið þeim sem eftir stóðu innan handar um upplýsingar.

Núverandi rekstur

Bókasafn Ólafsfjarðar

Bókasafn Ólafsfjarðar er til húsa að Aðalgötu 15 og deilir þar húsi með Tónskóla Ólafsfjarðar. Bókasafnið hefur 218 fermetra (skv. bókhaldi) til afnota á tveimur hæðum. Bókasafnið er opið í 13 klukkustundir á viku. Opnunartíminn hefur verið eftirfarandi:

Mánudaga	kl. 16.00 - 19.00	(3 klst.)
Þriðjudaga	kl. 16.00 - 19.00	(3 klst.)
Miðvikudaga	kl. 14.00 - 17.00	(3 klst.)
Fimmtudaga	kl. 16.00 - 20.00	(4 klst.)

Bókasafnið hefur verið rekið með 50% stöðu forstöðumanns og 50% stöðu bókavarðar. Starfsmennirnir tveir hafa leyst hver annan af í forföllum og yfir sumartímann og ekki hefur tíðkast að loka á sumrin. Þó var gripið til sumarlokunar s.l. sumar vegna breytinga á mönnun. Eftir að forstöðumaður bókasafnsins sagði upp hefur sami starfsmaður sinnt báðum störfum. Bókavörður sinnir ræstingum og fær greitt sérstaklega fyrir þá vinnu.

Safnkostur og skráning

Bókasafnið í Ólafsfirði hefur verið þátttakandi í samstarfinu um Landskerfi bókasafna, sem rekur miðlæga skráningargrunninn Gegni, frá stofnun þess árið 2001. Safnkosturinn er alls um 13.000 titlar en um 12.750 þeirra eru skráðir í Gegni. Þar af eru um 11.800 bækur, sem er langstærsti flokkur safnkosts. Skráð tímaritahefti eru um780, en auk þess eru hljóðbækur, mynddiskar og myndbönd, 1

tónlistardiskur og nótur í safninu. Safnið á umtalsvert magn eldri bóka, aðallega bókagjafir, sem ekki hafa verið skráðar í Gegni eða „tengdar“.

Viðskiptavinir
Um 40 lánþegar hafa greitt fyrir lánþegaskírteini hjá bókasafninu á árinu 2008. Öryrkjar, ellilífeyrisþegar og börn undir 18 ára aldri fá ókeypis skírteini á safnið. Auk þess veitir bókasafnið skipaþjónustu til þriggja skipa, þar sem bókakassar eru lánaðir til skipanna í 2 mánuði í senn. Árgjald fyrir skipaþjónustuna er kr. 33.800 á hvert skip, sem svarar til 26 árgjalda einstaklinga.
Á eins árs tímabili frá október 2007–október 2008 voru útlánin 4.268. Stærstur hluti þeirra er til einstaklinga, þ.e. 84,8%, um 13,5% eru til skipa, en afgangurinn, 1,7% eru útlán til starfsmanna. Þar er um að ræða lán til starfsmanna vegna starfa þeirra, s.s lán til kennara við grunnskóla og leikskóla í tengslum við skólastarfið.

Bakvið útlán til einstaklinga standa 64 einstaklingar. Þar af eru 20 fullorðnir sem greiða fyrir lánþegaskírteini, 21 barn undir 18 ára aldri og 23 ellilífeyrisþegar.

Aðstaða
Húsnæði það sem hýsir bókasafnið í Ólafsfirði er of lítið fyrir starfsemina. Bókasafnið deilir húsi með Tónskóla Ólafsfjarðar. Aðgengi hreyfihamlaðra og annarra með skerta getu að safninu er mjög bágborið og stenst alls ekki þær kröfur sem gerðar eru til aðgengis fyrir hreyfihamlaða. Vandséð er að hægt sé að gera breytingar á húsnæðinu til að mæta þeim. Brattar tröppur eru að aðalinngangi hússins, auk þess sem safnið er á tveimur hæðum með bröttum stiga á milli. Núverandi húsnæði bókasafnsins í Ólafsfirði er því óviðunandi.

Aðstaða fyrir starfsmenn er lítil og aðstaða fyrir lestur og vinnu í safninu er lítil sem engin. Að auki heyrist tónlist frá Tónskóla Ólafsfjarðar, sem er í sama húsi, á milli hæða. Þarna eru um að ræða mjög ólíka starfsemi sem á ekki saman. Einu tölvunni sem er aðgengileg fyrir almenning hefur verið fundinn staður á stigapalli sem ekki er notaður lengur vegna lokunar á milli tónlistarskóla og bókasafnsins. Þess má geta að húsnæði tónskólans þykir heldur ekki hentugt fyrir þá starfsemi.

Framtíð bókasafns í Ólafsfirði grundvallast því af því að bókasafnið verði flutt í annað húsnæði. Gera má ráð fyrir að þörf verði fyrir bókasafn í nýrri byggingu fyrir framhaldsskóla í Ólafsfirði. Mögulegt væri að leita samninga við menntamálaráðuneyti um samstarf um rekstur skólabókasafns og almenningsbókasafns í húsnæði framhaldsskólans. Slík ráðstöfun mundi falla vel að hugmyndum um tengsl samfélags og skóla sem hafa verið uppi í umræðunni um framhaldsskólann (sjá einnig í kaflanum „Þjónusta við skóla“).

Bókasafn Siglufjarðar

Bókasafn Siglufjarðar er til húsa í ráðhúsinu á Siglufirði að Gránugötu 24. Húsrýmið sem bókasafnið greiðir húsaleigu af, samkvæmt upplýsingum frá endurskoðendum, er 492m^2. Inni í þeirri tölu er sýningarsalur á miðhæð ráðhússins og listaverkageymsla. Það rými sem í raun er nýtt fyrir starfsemi bókasafnsins er um 373m^2.

Starfsmenn safnsins eru tveir. Forstöðumaður er að hluta ráðinn sem forfallakennari við Grunnskóla Siglufjarðar. Hann er bókasafns- og upplýsingafræðingur að mennt. Launakostnaður skiptist jafnt á milli bókasafnsins og skólans en vinnuframlag forstöðumannsins hefur þó verið meira á bókasafni og

fer nærri að virkt starfshlutfall forstöðumanns bókasafnsins sé 90%. Á safninu starfar einnig bókavörður í 50% stöðu sem einnig sinnir ræstingum. Greitt er sérstaklega fyrir ræstinguna og hún ekki talin með í stöðuhlutfalli. Opnunartími safnsins er samtals 14,5 klst. á viku og opið er á eftirfarandi tímum:

Þriðjudaga	kl. 14.00 - 17.30	(3,5 klst.)
Miðvikudaga	kl. 14.00 - 17.30	(3,5 klst.)
Fimmtudaga	kl. 14.00 - 18.00	(4,0 klst.)
Föstudaga	kl. 14:00 - 17:30	(3,5 klst.)

Bókasafninu hefur verið lokað yfir sumartímann.

Safnkostur og útlán
Í kringum 30.000 titlar eru í safninu en þar sem skráning er ekki rafræn er erfitt að finna nákvæma tölu. Af sömu ástæðu er ekki hægt að gera upp fjölda útlána.

Viðskiptavinir
Um 34 lánþegar hafa greitt fyrir lánþegaskírteini hjá bókasafninu á árinu 2008. Auk þess fengu 20 ellilífeyrisþegar og 21 barn undir 18 ára aldri ókeypis skírteini á safnið. Rétt er að hafa í huga að einhver börn nota kort foreldra sinna og eru ekki með eigið skírteini .

Boðið er upp á útlán bóka gegn greiðslu fyrir hverja bók fyrir þá sem ekki sjá sér hag af því að greiða árgjaldið. Á árinu 2008 nýttu 14 einstaklingar sér þennan möguleika.

Aðstaða
Útlánasalur á 1. hæð bókasafnsins á Siglufirði þykir ágætur og þar er gott pláss fyrir núverandi starfsemi. Hann er þó fremur dimmur og innréttingar eru orðnar gamlar. Starfsmannaaðstaða og skrifstofa eru á hæðinni. Bæði rými eru fremur lítil, auk þess sem veggir eru nýttir fyrir bókahillur. Afgreiðsla safnsins er við borð í salnum. Á 2. hæð eru geymslurými bókasafns og skjalasafns, auk sýningarsalar og listaverkageymslu sem færð eru á bókasafnið í bókhaldi þótt þau sé ekki nýtt undir starfsemi þess. Það rými sem safnið hefur til afnota á 1. hæð er um 308m^2 (brúttó).

Tvær tölvur með internetaðgangi eru á bókasafninu til afnota fyrir safngesti gegn gjaldi. Ekki er boðið upp á aðgang að þráðlausu neti fyrir fartölvunotendur, en spurt hefur verið eftir slíkri þjónustu af og til.

Fyrirhugað er að breyta aðkomunni að safninu og samnýta anddyri með skrifstofum. Þar með batnar plássnýtingin í útlánasalnum, enda verður núverandi anddyri þá að öllum líkindum fjarlægt. Í tengslum við breytingarnar verður safnið endurskipulagt og hillupláss aukið. Æskilegt væri að einnig yrði útbúin afgreiðsla nálægt hinum nýja inngangi. Athuga þarf hvort gera þurfi breytingar á aðaldyrum ráðhússins m.t.t. aðgengis fatlaðra.

Góðir möguleikar eru á að breyta nýtingu þess húsnæðis sem bókasafnið hefur til umráða. Með því að leggja fjármagn í verkefni um grisjun og frágang gagna má minnka umfang efnisins og með því að finna geymslurými utan núverandi húsnæðis mætti losa um geymslurými sem þá gæti nýst til annarra hluta. Með samnýtingu rýma á miðhæð hússins, t.d. bæjarstjórnarsal, má auðveldlega skapa möguleika á fyrirlestrum, upplestrum og menningarviðburðum ýmiskonar.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður árið 2007

Samanlagður rekstararkostnaður bókasafnanna á árinu 2007 var rúmlega 16,3 milljónir króna. Stærstu kostnaðarliðirnir eru launakostnaður og húsnæðiskostnaður. Innkaup á safnkosti er aðeins þriðji stærsti liðurinn. Samanlagt eru þessir liðir um 95% af heildarrekstrarkostnaði safnanna. Hagræðing á þessum sviðum er því það sem vænta má að gefi mest af sér fyrir Fjallabyggð.

Bókasöfn Fjallabyggðar 2007*

Samanburður rekstrarkostaðar

Kostnaður	Ólafsfjörður	Siglufjörður	Samtals
Aðstöðukostnaður	2.172.358	4.406.000	6.578.358
Húsgögn og búnaður	73.164	0	73.164
Launakostnaður	XXXX	XXXX	XXXX
Rekstrarkostnaður	158.138	114.940	273.078
Safnakostur	905.259	1.142.528	2.047.787
Starfsmannakostnaður	XXXX	XXXX	XXXX
Styrkir og framlög	XXXX	XXXX	XXXX
Þjónustukaup	92.447	6.317	98.764
Þjónustutekjur	-221.890	-78.382	-300.272
Samtals	**7.179.149**	**9.126.370**	**16.305.519**

*Tölur eru hér teknar út til að dylja laun starfsmanna af tilliti til persónuverndar.

Sérstaka athygli vekur hversu hár húsnæðiskostnaðurinn er í hlutfalli við annan kostnað. Húsnæðiskostnaður er reiknaður á grundvelli reiknilíkans endurskoðenda sem tekur mið af stærð húsnæðis, aldri húss og fleira. Við skoðun stærðartalna hefur komið í ljós að húsaleiga vegna sýningarsalar og listaverkageymslu á miðhæð er bókfærð sem kostnaður bókasafns, sem að hluta skýrir háan húsnæðiskostnað á Siglufirði. Raunverulegur húsnæðiskostnaður bókasafns og skjalasafns er því 3.340 þ.kr., eða um 1,1 m.kr. lægri en sá húsnæðiskostnaður sem fellur á safnið samkvæmt bókhaldi. Lækkunin nemur 11,7% af heildarkostnaði við rekstur bókasafnsins á Siglufirði.

Rekstrarkostnaður árið 2008

Samkvæmt upplýsingum úr rekstrarreikningi hækkar rekstrarkostnaður bókasafnanna samanlagt um 500 þ.kr. á milli áranna 2007 og 2008. Mestu munar um hækkun launaliðar og aðstöðukostnaðar sem samanlagt hækka um 914 þ.kr.

Á móti þessum hækkunum kemur að aðhalds hefur verið gætt í innkaupum fyrir söfnin. M.a. hafa bókakaup dregist saman um 476 þ.kr. Sé aðstöðukostnaðurinn niðurreiknaður vegna listaverkageymslu og sýningarsalar lækkar aðstöðukostnaðurinn um 774 þ.kr.

Bókasöfn Fjallabyggðar 2008*			
Samanburður rekstrarkostaðar			
Kostnaður	**Ólafsfjörður**	**Siglufjörður**	**Samtals**
Aðstöðukostnaður	2.161.919	4.551.000	6.712.919
Gegnir	171.699	206.847	378.546
Launakostnaður	XXXX	XXXX	XXXX
Rekstrarkostnaður	86.931	98.323	185.254
Safnkostur	672.144	899.213	1.571.357
Starfsmannakostnaður	XXXX	XXXX	XXXX
Þjónustutekjur	XXXX	XXXX	XXXX
Samtals	**7.014.912**	**9.790.826**	**16.805.738**

*Tölur eru hér teknar út til að dylja laun starfsmanna af tilliti til persónuverndar.

Áætlun rekstrarkostnaðar 2009

Samkvæmt áætlun ársins 2009 hækkar kostnaður af rekstri málaflokksins um 966 þ.kr. á milli ára. Hækkunin er nemur 5,75%. Hækkunin skýrist að mestu af fyrirhuguðum húsgagnakaupum á Siglufirði 500 þ.kr. og hækkun aðstöðukostnaðar um 381 þ.kr. Í áætlun er gert ráð fyrir lækkun launakostnaðar um 7,2% miðað við rekstrartölur ársins 2008.

Bókasöfn Fjallabyggðar 2009			
Áætlun			
Kostnaður	**Ólafsfjörður**	**Siglufjörður**	**Samtals**
Aðstöðukostnaður	2.315.000	4.779.000	7.094.000
Gegnir	170.000	214.000	384.000
Launakostnaður	XXXX	XXXX	XXXX
Rekstrarkostnaður	219.000	313.000	532.000
Safnkostur	856.000	1.085.000	1.941.000
Starfsmannakostnaður	XXXX	XXXX	XXXX
Þjónustutekjur	XXXX	XXXX	XXXX
Húsgögn og innanstokksmunir	0	500.000	500.000
Samtals	**7.137.000**	**10.635.000**	**17.772.000**

*Tölur eru hér teknar út til að dylja laun starfsmanna af tilliti til persónuverndar.

Samanburður við önnur sveitarfélög 2007

Samkvæmt upplýsingaveitu sveitarfélaganna var Fjallabyggð í 19. sæti á listanum þegar skoðaður er heildarkostnaður af rekstri bókasafna að frádregnum tekjum í krónum á íbúa árið 2007 (sjá töflu á næstu blaðsíðu). Samkvæmt upplýsingaveitunni varði Fjallabyggð kr. 6.514 í rekstur bókasafna árið 2007 og er á reki með Akureyrarkaupstað, Akraneskaupstað, Mosfellsbæ, Árborg og Reykjanesbæ svo einhverjir séu nefndir. Kostnaður sveitarfélagsins á íbúa af rekstri bókasafna er nokkuð hár miðað við Dalvíkurbyggð, Skagafjörð og Norðurþing, sem eru sveitarfélög sem Fjallabyggð er oft borin saman við. Í Norðurþingi eru rekin þrjú bókasöfn, en starfsemi þeirra er mjög mismunandi.

Hafa ber í huga að rekstur bókasafna er mjög mismunandi. Í sumum tilfellum er um að ræða samrekstur bókasafna og skjalasafna og sums staðar eru skólabókasöfn og almenningsbókasöfn rekin saman. Einnig verður að hafa í huga að umsjón með listaverkasafni og sýningarsal hækkar kostnað af safninu á Siglufirði í samanburði við önnur sveitarfélög.

Rekstur bókasafna 2006

Kr. á íbúa

Nr.	Sveitarfélag	Samtals	Nr.	Sveitarfélag	Samtals
1	8717 Sveitarfélagið Ölfus	13774	36	3811 Dalabyggð	4346
2	2503 Sandgerðisbær	12861	37	6607 Skútustaðahreppur	4298
3	7502 Vopnafjarðarhreppur	10664	38	1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	4272
4	1100 Seltjarnarneskaupstaður	10547	39	0000 Reykjavíkurborg	4013
5	8716 Hveragerðisbær	10009	40	2300 Grindavíkurbær	3945
6	3711 Stykkishólmsbær	9347	41	8614 Rangárþing ytra	3908
7	3709 Grundarfjarðarbær	8518	42	8710 Hrunamannahreppur	3867
8	8000 Vestmannaeyjabær	8511	43	1603 Sveitarfélagið Álftanes	3830
9	7613 Breiðdalshreppur	8479	44	1300 Garðabær	3618
10	4200 Ísafjarðarbær	7941	45	8613 Rangárþing eystra	3325
11	7300 Fjarðabyggð	7533	46	4803 Súðavíkurhreppur	3192
12	6709 Langanesbyggð	7209	47	6601 Svalbarðsstrandarhreppur	3102
13	4607 Vesturbyggð	6988	48	3609 Borgarbyggð	2908
14	4604 Tálknafjarðarhreppur	6924	49	8508 Mýrdalshreppur	2803
15	5508 Húnaþing vestra	6752	50	4911 Strandabyggð	2685
16	2000 Reykjanesbær	6721	51	6506 Arnarneshreppur	2420
17	1604 Mosfellsbær	6589	52	8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur	2327
18	6000 Akureyrarkaupstaður	6528	53	3714 Snæfellsbær	2316
19	6250 Fjallabyggð	6514	54	6609 Aðaldælahreppur	2245
20	3000 Akraneskaupstaður	6498	55	6513 Eyjafjarðarsveit	2199
21	8200 Sveitarfélagið Árborg	6386	56	5611 Skagabyggð	2146
22	8509 Skaftárhreppur	6284	57	8722 Flóahreppur	2105
23	4100 Bolungarvíkurkaupstaður	6083	58	4902 Kaldrananeshreppur	2089
24	7000 Seyðisfjarðarkaupstaður	5909	59	6602 Grýtubakkahreppur	2068
25	5612 Húnavatnshreppur	5884	60	4502 Reykhólahreppur	1709
26	5604 Blönduósbær	5613	61	6501 Grímseyjarhreppur	1697
27	6100 Norðurþing	5525	62	7620 Fljótsdalshérað	1404
28	5609 Skagaströnd	5437	63	4908 Bæjarhreppur	1330
29	6612 Þingeyjarsveit	5375	64	6706 Svalbarðshreppur	1208
30	5200 Skagafjörður	5160	65	8721 Bláskógabyggð	1003
31	2506 Sveitarfélagið Vogar	5038	66	2504 Sveitarfélagið Garður	957
32	1000 Kópavogsbær	4901	67	8719 Grímsnes- og Grafningshr.	448
33	8610 Ásahreppur	4810	68	1606 Kjósarhreppur	359
34	6400 Dalvíkurbyggð	4575	69	4901 Árneshreppur	140
35	7617 Djúpavogshreppur	4447	70	6514 Hörgárbyggð	54
Meðaltal					4781

Skjalamál

Taka þarf ákvarðanir um rekstur skjalasafns og ákveða hvort rekið verður skjalasafn í Fjallabyggð sem þá myndi hýsa öll skjöl Ólafsfjarðarbæjar, Siglufjarðarkaupstaðar og Fjallabyggðar, eða hvort skjöl þessara sveitarfélaga verða vistuð í Héraðsskjalasafni Eyjafjarðar. Einnig þarf að taka afstöðu til þess hvort skjalasafn verður rekið í tengslum við bókasafn, verði niðurstaðan sú að reka eigið skjalasafn.

Ákvörðunin um fyrirkomulag skjalamála er þó ekki Fjallabyggðar eingöngu. Héraðsskjalasöfnin eru rekin með heimild þjóðskjalavarðar og í umboði hans. Það er því þjóðskjalavörður sem hefur síðasta orðið í málinu.

Héraðsskjalasafnið á Siglufirði

Siglufjarðarkaupstaður var með samning við þjóðskjalavörð um rekstur héraðsskjalasafns á Siglufirði. Starfsmenn bókasafnsins á Siglufirði hafa haft umsjón með safninu sem er lítið handskráð skjalasafn. Nær engin skjöl stjórnsýslunnar eru í dag vistuð í héraðsskjalasafninu og umtalsverð vinna er fyrirsjáanleg við skráningu, tiltekt í gögnum og grisjun skjala.

Kostir þess að reka eigið skjalasafn eru fyrst og fremst þeir að störf haldast í heimabyggð. Rekstur skjalasafns í tengslum við bókasafn myndi styrkja starfsemina og skapa möguleika á auknu starfshlutfalli starfsmanna þess. Líklegt er talið að vel rekið skjalasafn í heimabyggð hvetji íbúa til að skila inn skjölum og myndum, fremur en að skila þeim á héraðsskjalasafn sem staðsett er á Akureyri. Skjalasafnið gæti auk þess gegnt hlutverki í menningarstarfi og gert menningararf svæðisins sýnilegri.



Mynd 1: Úr skjalasafni Ísafjarðarbæjar. Myndin gefur hugmynd um hversu plássfrek starfsemi skjalasafns er.

Hættan sem felst í rekstri eigin skjalasafns er að aðbúnaður þess verði ekki viðunandi og að ekki fáist nægilegt fjármagn og pláss til að reka það með fullnægjandi hætti. Mikilvægt er að haft sé í huga að starfsemi skjalasafns er plássfrek og að gera þarf ráð fyrir að safnið vaxi með tímanum.

Reynslan frá Ísafirði sýnir að notkun safnsins þar hefur aukist og afhendingum til safnsins fjölgað síðan safnið var fært í viðunandi aðstöðu. Aðbúnaður safnsins getur því haft veruleg áhrif á það hversu vel safnið getur sinnt hlutverki sínu.

Það er því mikilvægt að við ákvörðunina um rekstur eigin safns eða áframhaldandi samstarf við önnur sveitarfélög um reksturinn verði tekið mið af þeim kostaði sem uppbygging skjalasafns í heimabyggð hefur í för með sér en ekki einungis horft á það sem sparast við úrsögn úr Héraðsskjalasafni Eyjafjarðar. Verði niðurstaðan sú að Fjallabyggð segi sig úr samstarfinu um rekstur Héraðsskjalasafns Eyjafjarðar væri æskilegt að þeim fjármunum sem sparast verði varið til átaks í skjalamálum. Einnig þarf að tryggja að aðstaða safnsins sé viðunandi og standist þær kröfur sem gerðar eru til slíkra safna.

Í 16. grein laga nr. 66/1985 um þjóðskjalasafn er kveðið á um árlegt rekstrarframlag til héraðsskjalasafna úr ríkissjóði „samkvæmt fjárlögum hverju sinni“. Ekkert slíkt framlag hefur fengist frá ríkissjóði undanfarin ár og því ástæða til að fara þess á leit við menntamálaráðherra að úr því verði bætt.

Héraðsskjalasafn Eyjafjarðar

Ólafsfjarðarbær var aðili að samstarfinu um rekstur Héraðsskjalasafns Eyjafjarðar. Safnið er rekið af Akureyrarbæ með kostnaðarþátttöku annarra aðildarsveitarfélaga. Skjölum hefur þó aldrei verið skilað inn til safnsins, heldur eru þau vistuð í skjalasafni á bæjarskrifstofum Fjallabyggðar, sem og í bílskúr á lóð bæjarskrifstofanna.

Fjallabyggð hefur nú yfirtekið skuldbindingar Ólafsfjarðarbæjar í rekstri héraðsskjalasafnsins og greiðir nú til þess samkvæmt höfðatölu. Kostnaður sveitarfélagsins á árinu 2008 af þátttöku í rekstararkostnaði héraðsskjalasafnsins var um 2,1 m.kr. Framlag Fjallabyggðar hækkaði verulega á síðasta ári og miðast nú við íbúafjölda sveitarfélagsins í stað íbúatölu Ólafsfjarðar áður. Í samningi um rekstur Héraðsskjalasafns Eyjafjarðar eru engin uppsagnarákvæði eða ákveðin tímamörk fyrir uppsögn samnings. Úrsögn úr héraðsskjalasafninu, ef til hennar kemur, er því samkomulagsatriði milli aðila. Í samningnum eru endurskoðunarákvæði sem einnig mætti láta reyna á í ljósi breyttra forsendna. Þannig er vel hugsanlegt að semja mætti um aðra kostnaðarskiptingu en gert er ráð fyrir í núverandi stofnsamþykkt og/eða að aðilar kæmu sér saman um hlé á greiðslum frá Fjallabyggð þar til skjöl sveitarfélagsins eru orðin skilahæf, þannig að Fjallabyggð geti nýtt fjármunina í átak í skjalamálum.

Áframhaldandi þátttaka í samstarfi um rekstur héraðsskjalasafns hefur þá kosti helsta að fjármunir sem varið er til safnsins ættu að öðru jöfnu að nýtast betur en ef hvert sveitarfélag ræki skjalasafn. Í stóru skjalasafni eru möguleikar á meiri faglegri þekkingu og sérhæfingu en í litlu safni og líkurnar á góðum aðbúnaði safnkosts meiri. Við sameiningu Héraðsskjalasafns Siglufjarðar og Héraðsskjalasafns Eyjafjarðar losnar einnig um húsrými í ráðhúsinu á Siglufirði sem gæti orðið nokkurs virði ef stjórnsýsla Fjallabyggðar færist þangað. Nánar verður fjallað um þetta í kaflanum „Aðstaða skjalasafns“.

Frágangur skjala

Umtalsverð vinna er fyrirsjáanleg vegna frágangs skjala sem er forsenda þess að við þeim verði tekið á héraðsskjalasafni. Þessi vinna mun verða í höndum Fjallabyggðar undir öllum kringumstæðum og er orðin mjög aðkallandi. Í skjalageymslu stjórnsýslunnar á Siglufirði er umtalsvert magn gagna sem skila þarf til héraðsskjalasafnsins. Við það bætast gögn frá Ólafsfirði. Skjöl stjórnsýslunnar þar eru geymd í bílskúr við bæjarskrifstofurnar og í geymslu í gömlu hraðfrystihúsi í eigu bæjarins. Í Hraðfrystihúsinu eru um 60 geymslukassar sem búið er að ganga frá til vistunar í skjalasafni, og gera má ráð fyrir að annað eins komi út úr frágangi skjalanna í bílskúrnum.


Fyrirsjáanlegt er að fá þurfi sérstaka starfsmenn til þessa verkefnis, sem gætu unnið það undir stjórn skjalastjóra. Athuga mætti hvort verkefnið gæti hentað sem tímabundið atvinnubótaverkefni með stuðningi frá Vinnumálastofnun sem félli vel að þörf fyrir aðgerðir á sviði atvinnumála. Fordæmi eru fyrir slíkum verkefnum, t.d. fékk skjalasafn Háskóla Íslands styrki frá Vinnumálastofnun til átaksverkefna í skjalamálum.

Aðstaða skjalasafns

Verði héraðsskjalasafn rekið í Fjallabyggð þarf að huga að aðstöðu þess til framtíðar. Helsti ókostur núverandi húsnæðis er takmarkaðir möguleikar á stækkun þess. Einnig þyrfti að bæta aðstöðu safnsins til að taka á móti og ganga frá skjalaafhendingum. Með réttum innréttingum má nýta það húsnæði sem fyrir hendi er betur en nú er gert, en erfitt er að meta hver raunveruleg plássþörf safnsins er eða hver hún verður næstu ár. Það er þó óhætt að álykta að safnið þolir ekki skerðingu húsnæðis miðað við það sem nú er. Annar ókostur er að skjalageymslur eru á 2. hæð, sem torveldar stórar afhendingar skjala, t.d. á brettum. Slíkar afhendingar eru þó sjaldgæfar.

Í ráðhúsinu á Siglufirði eru þrjú herbergi sem búin eru skjalaskápum á brautum. Tvö þeirra eru nú þegar í notkun sem skjalageymslur safnsins, en eftir er að grisja það sem þar er vistað. Til umræðu hefur komið að taka annað þeirra undir listaverkageymslu, a.m.k. tímabundið, sem þrengir verulega að skjalasafninu. Í því herbergi, sem er um 27m^2, eru aðeins þrír skápar á brautum, en pláss fyrir fleiri. Auk þess er mögulegt að stækka það herbergi um allt að 6m^2. Í skjalageymslu stjórnsýslunnar á 3. hæð eru skápar af sömu tegund og þeir sem fyrir eru í geymslu skjalasafnsins sem hugsanlega mætti nýta fyrir héraðsskjalasafnið eða að öðrum kosti kaupa fleiri skápa til að bæta nýtinguna.

Verði listaverkageymsla sveitarfélagsins flutt sakapast möguleikar á að sameina rými í norðausturhorni hæðarinnar. Við það gæti orðið til um 40m^2 rými og möguleikar á nýtingu plássins myndu batna verulega.



Mynd 2: Skjala- og málverkageymslur á 2. hæð ráðhússins á Siglufirði. Skyggðu svæðin sýna breytingarmöguleika sem ræddir eru í kaflanum. Bláa svæðið (t.v.) sýnir stækkunarmöguleika og gula svæðið (t.h.) möguleika á sameiningu rýma.

Að auki er vert að hafa í huga að til greina kemur að skrifstofur Fjallabyggðar verði sameinaðar í ráðhúsinu á Siglufirði. Við það gæti komið til þess að auka þurfi við það rými sem nú er notað undir skrifstofur og/eða endurskipuleggja og endurinnrétta húsnæðið til að bæta nýtingu þess með tilheyrandi kostnaði. Slíkar tilfæringar gætu þrengt enn meira að safninu en nú er. Ætla má að áframhaldandi þátttaka í samstarfi um Héraðsskjalasafn Eyjafjarðar hafi minni kostnað í för með sér en nýbygging eða kaup og endurbætur annars húsnæðis ef til þess kemur.

Auk ofangreinds þarf að hafa í huga að gerðar eru ákveðnar lágmarkskröfur til skjalasafna. Æskilegt er að skjalageymslur séu eldtraustar og hurðir, veggir eldtefjandi eða eldþolin. Byrgja þarf glugga til að loka á sólarljós og hindra aðgang óviðkomandi aðila að safninu. Einnig þarf að huga að geymsluskilyrðum, þ.e. hita og rakastigi.

Sérverkefni

Í Héraðsskjalasöfnunum á Sauðárkróki, Húsavík og Ísafirði hafa verið unnin skráningarverkefni fyrir Þjóðskjalasafn. Verkefnin eru liður í mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna aflasamdráttar. Ekki er vitað hvort slík verkefni kæmu til greina í Fjallabyggð en ljóst er að slík verkefni verða ekki sett á fót hér nema héraðsskjalasafn sé starfandi á svæðinu.

Valkostir Fjallabyggðar

Á 1. fundi vinnuhóps um framtíðarrekstur bókasafna var m.a. rætt um valkosti Fjallabyggðar í rekstri bókasafna. Mikilvægt er að tekið sé mið af því þjónustustigi sem stefnt er að í bókasafnsmálum og þeim kostnaði sem þykir ásættanlegt að falli til vegna þessarar þjónustu.

Meginspurningarnar sem svara þarf í þessu samhengi eru þessar:

1. Hvaða þjónusta og þjónustustig á að vera á bókasafni/-söfnum Fjallabyggðar miðað við núverandi þjónustu?
2. Á að reka héraðsskjalasafn í Fjallabyggð eða skila skjölum sveitarfélaganna og skjölum þeim sem fyrir eru í héraðsskjalasafninu á Siglufirði til Héraðsskjalasafns Eyjafjarðar?
3. Á að sameina rekstur bókasafna í Fjallabyggð?
4. Á að reka eina starfsstöð eða á að reka starfsstöðvar, bæði í Ólafsfirði og á Siglufirði?
5. Eru möguleikar á samrekstri með skólasöfnum grunnskóla, bókasafni fyrirhugaðs framhaldsskóla eða þekkingarmiðstöðvar ef af henni verður?

Svörin við ofangreindum spurningum eru ekki einhlít og mismunandi útfærslur væru mögulegar í hverju svari. Ýmsir þættir geta haft áhrif á svörin og einstakar útfærslur. T.d. gætu möguleikar á samstarfi við fyrirhugaðan framhaldsskóla í Ólafsfirði eða stofnun þekkingarseturs haft áhrif á staðsetningu og rekstrarfyrirkomulag starfsstöðvar í Ólafsfirði. Svör við einni spurningu geta haft verulega þýðingu fyrir svar við öðrum spurningum, t.d. svör varðandi þjónustustig, sem og möguleikar á úrlausnum í húsnæðismálum safnanna.

Í núverandi stöðu er eðlilegt að líta til bókasafnsins á Siglufirði sem aðalsafns, verði starfsstöðvarnar áfram tvær. Nýtt húsnæði fyrir bókasafnið í Ólafsfirði og/eða rekstrarsamningur við væntanlegan framhaldsskóla gæti þó breytt þeirri stöðu.

Helstu valkostir í rekstri bókasafna Fjallabyggðar

	Starfsstöð í Ólafsfirði	Starfsstöð í Siglufirði	Skjalasafn	1 forstöðumaður	2 Forstöðumenn
Núverandi rekstur	X	X	X		X
Leið 1	X	X	X	X	
Leið 2	X	X		X	
Leið 3		X	X	X	
Leið 4		X		X	
Leið 5	X	X			X
Leið 6	X		X	X	
Leið 7	X			X	

Valkostir Fjallabyggðar eru eftirfarandi:

Leið 1:
Leið 1 felst í sameiningu bókasafnanna tveggja og héraðsskjalasafns í eina rekstrareiningu undir einum forstöðumanni. Áfram yrðu rekin bókasöfn á báðum stöðum. Annað útibúið myndi halda utan um héraðsskjalasafnið. Af þessari leið leiðir að gera þarf úrbætur í húsnæðismálum útibúanna, finna hentugt geymsluhúsnæði og gera átak í frágangi þess efnis sem nú er í geymslum safnanna.

Leið 2
Leið 2 felst í sameiningu safnanna undir stjórn eins forstöðumanns í tveimur starfsstöðvum. Héraðsskjalasafn Siglufjarðar yrði lagt niður og skjölum skilað til Héraðsskjalasafns Eyjafjarðar sem Fjallabyggð væri áfram aðili að. Við þetta myndi losna um nokkuð húsnæði á Siglufirði sem nú fer í geymslur og skjalasafn. Framlag Fjallabyggðar til Héraðsskjalasafns Eyjafjarðar er reiknað út frá höfðatölu og myndi því ekki breytast. Þó er hugsanlegt að semja megi við samstarfsaðila um breytingar á kostnaðarhlutdeild Fjallabyggðar í ljósi breyttra aðstæðna.

Leið 3
Leið 3 felur í sér að starfsstöðin í Ólafsfirði yrði lögð niður og bókasöfnin sameinuð í einni starfsstöð á Siglufirði, þar sem einnig væri rekið héraðsskjalasafn. Plássþörf safnsins á Siglufirði myndi aukast verulega ef bæta ætti safnkosti Bókasafns Ólafsfjarðar við núverandi safnkost. Þessi leið þykir ekki ákjósanleg, nema til kæmu umbætur á þjónustu og aðstöðu bókasafnsins á Siglufirði og almenningssamgöngur á milli staðanna.

Leið 4
Leið 4 felur í sér að starfsstöðin í Ólafsfirði og Héraðsskjalasafn Siglufjarðar yrðu lögð niður og eitt bókasafn rekið á Siglufirði. Skjöl skjalasafnsins yrðu afhent héraðsskjalasafni Eyjafjarðar. Plássþörf safnsins á Siglufirði myndi aukast umfram það pláss sem sparast vegna skjalasafnsins ef safnkosti bókasafns Ólafsfjarðar yrði bætt við núverandi safnkost. Þessi leið þykir ekki ákjósanleg, nema til kæmu umbætur á þjónustu og aðstöðu bókasafnsins á Siglufirði og almenningssamgöngur á milli staðanna.

Leið 5
Leið 5 felur í sér að bókasöfnin tvö yrðu áfram rekin sem tvær aðskildar rekstrareiningar en Héraðsskjalasafnið lagt niður og skjöl þess og stjórnsýslunnar afhent Héraðsskjalasafni Eyjafjarðar. Við þetta myndi losna um það pláss sem nú er nýtt undir skjalasafn og sem geymslur undir skjöl. Lítið annað hagræði hlytist af þessari leið. Einhver samþætting gæti þó átt sér stað með aukinni samvinnu safnanna.

Leið 6
Leið 6 felur í sér að bókasafnið á Siglufirði yrði lagt niður og bókasafn og héraðsskjalasafn sem þjónustaði Fjallabyggð alla yrði staðsett í Ólafsfirði. Þessi leið krefst þess að nýtt húsnæði væri fundið eða byggt sem rúmaði allan safnkost safnanna þriggja, sem vart getur talist raunhæft í bráð.

Leið 7
Leið 7 felur í sér að bókasafnið og héraðsskjalasafn á Siglufirði yrðu lögð niður og bókasafn sem þjónustaði Fjallabyggð alla yrði staðsett í Ólafsfirði. Finna þyrfti safninu nýtt húsnæði. Sveitarfélagið yrði áfram aðili að Héraðsskjalasafni Eyjafjarðar og gögnum Héraðsskjalasafnsins á Siglufirði og stjórnsýslunnar yrði skilað þangað.

Ofangreindar leiðir lýsa helstu valkostum Fjallabyggðar. Í raun eru leiðirnar þó mun fleiri, því hægt væri að útfæra margar þeirra á fleiri en einn veg. Sem dæmi má nefna að hægt væri að úrfæra leið 1 þannig að meginhlutverk útibúsins í Ólafsfirði væri skjalavarsla en að útlánaþjónustu væri sinnt með lágmarksbókakosti. Þannig gætu safngestir pantað bækur á netinu (að heiman eða á staðnum) og sótt þær á safnið, eða valið bækur úr takmörkuðum bókakosti sem væri valinn og skipt út eftir efnum og ástæðum, t.d. eftir vinsældum eða í tengslum við þemu.

Hlutverk og tilgangur bókasafna

Skyldur sveitarfélagsins

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997 ber sveitarfélögum að standa að rekstri almenningsbókasafna.

„Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna. Er öllum sveitarfélögum skylt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við þessi lög.
Almenningsbókasöfn skulu hvert og eitt haga starfi sínu þannig að komið verði við sem öflugastri samvinnu bókasafna í landinu um þjónustu við notendur.“

Í 1. mgr. 1. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997 er kveðið á um hlutverk almenningsbókasafna :

„Almenningsbókasöfn eru upplýsinga- og menningarstofnanir. Hlutverk þeirra er að veita fólki, bæði börnum og fullorðnum, greiðan aðgang að fjölbreyttum bókakosti og öðrum miðlunargögnum, þar á meðal tölvubúnaði og upplýsingum á tölvutæku formi. Þau skulu efla frjálsan og óheftan aðgang almennings að upplýsingum og þekkingarmiðlum. Söfnin skulu hvert á sínu þjónustusvæði kappkosta að vera menningarstarfi og atvinnulífi til styrktar og hafa tiltækar upplýsingar fyrir almenning um opinberar stofnanir og þjónustu. Markmið þeirra skal vera að efla íslenska tungu, stuðla að símenntun og örva lestraráhuga“.

Samkvæmt 9. grein reglugerðar nr. 138/1978 um almenningsbókasöfn skulu almenningsbókasöfn veita eftirfarandi þjónustu:

a) Veita almenningi möguleika á ævimenntun með því að hafa til afnota fræðirit og annað efni, sem fræðslugildi hefur og láta í té leiðbeiningar um slíkt.
b) Gefa almenningi kost á að verja tómstundum sér til menningarauka og afþreyingar með heimláni bóka og annarra gagna, við bókmenntakynningar, sýningar ýmiss konar, fyrirlestra, tónlistarflutning o. s. frv.
c) Halda uppi þjónustu við almenning með bókabílum, eftir því sem þörf krefur og fé kann að vera veitt til.

d) Annast útvegun bóka og annarra gagna að láni frá öðrum söfnum og veita hreppssöfnum, skólasöfnum og stofnanasöfnum í umdæminu aðstoð og þjónustu og efla samvinnu þeirra.
e) Vera upplýsinga- og gagnamiðstöð, þar sem efni sem varðar umdæmið sem í hlut á er haldið sérstaklega til haga, að því leyti sem slík varðveisla er ekki sérstaklega öðrum falin.
f) Veita fræðimönnum sérstaka lestraraðstöðu, þar sem betra er næði, sé þess kostur.

Samkvæmt reglugerðinni á stjórn almenningsbókasafns (hér menningarnefnd) að sjá um að safnið hafi viðunandi húsnæði og fylgjast með að búnaður og rekstur safns sé í góðu lagi. Við hönnun almenningsbókasafns skal gera ráð fyrir útlánssal, lestraraðstöðu fyrir börn og fullorðna og bókageymslu, námsaðstöðu og aðstöðu fyrir þá þjónustu sem talin er upp hér að ofan. Þá skal gert ráð fyrir húsrými til viðgerða, fyrirlestra og sýninga auk aðstöðu fyrir starfsfólk.

Í 17. grein reglugerðarinnar er kveðið á um að almenningsbókasafni skuli valinn staður miðsvæðis, þar sem eru eða ætla má, að verði miklar mannaferðir, t. d. í námunda við verslunar- og þjónustumiðstöðvar. Einnig er kveðið á um að við hönnun bókasafnshúsa, svo og kaup eða leigu húsnæðis handa bókasafni, skuli þess gætt, að safnið verði öllum aðgengilegt jafnt heilbrigðum sem fötluðum, ungum sem öldruðum og að þægileg aðkoma verði að því hvort sem fólk kemur fótgangandi, í eigin eða almenningsbifreiðum. Ennfremur eru ákveðin viðmið um aðgengi að bókasöfnum í 18. grein reglugerðarinnar. Þar á meðal er miðað við að sá hluti safnsins, sem almenningi er ætlaður, sé á 1. hæð og að lyfta sé í húsinu eða sambærileg aðstaða eftir aðstæðum. Við hönnun skal reynt að komast hjá burðarveggjum í útláns- og lestrarsölum, þannig að hvers konar skipulagsbreytingar verði auðveldar án mikils kostnaðar.

Ef almenningsbókasafn er rekið í húsnæði með skólasafni skal þess gætt, að húsnæðið sé meira en stærðarreglur (norm) vegna skólasafna setja. Við hönnun húsnæðis fyrir slík söfn, skal þess gætt að auk inngangs úr skólanum sé jafnframt sérinngangur fyrir almenning.

Af ofangreindu má ráða að nokkuð vantar upp á að bókasöfnin í Fjallabyggð standist þær almennu kröfur sem gerðar eru til almenningsbókasafna. Aðgengi að safninu í Ólafsfirði og aðstaða stenst engan veginn skoðun og miklu er ábótavant á Siglufirði, þótt gera verði ráð fyrir að ástandið batni þegar nýr inngangur verður tekinn í notkun. Safnið þar mun þó eftir sem áður vera vanbúið varðandi námsaðstöðu og aðstöðu fyrir fræðimennsku og aðstöðu til sýninga og fyrirlestrahalds.

Í framangreindum lögum og reglugerð er bókasöfnum ætlað víðtækara hlutverk en það sem bókasöfn Fjallabyggðar sinna í dag. Áhersla bókasafnanna tveggja er á þær bókmenntir sem eru vinsælastar, þ.e. fagurbókmenntir og afþreyingarbókmenntir, sem að nokkru helgast af forgangsröðun innkaupa vegna þröngs fjárhags. Nokkuð skortir því á að hlutverki safnanna varðandi aðgang að fræðsluefni, aðstoð við upplýsingaleit og vinnuaðstöðu sé sinnt sem skyldi, sem og menningarlegu hlutverki safnanna.

Hlutverk bókasafna hefur breyst umtalsvert í tímanna rás. Bókasöfn hafa víðast hvar þróast frá því að vera útlánastofnanir þar sem hægt er að fá lánaðar bækur og glugga í tímarit, til þess að vera upplýsinga- og menningarmiðstöðvar og samkomustaðir fyrir íbúa þar sem jafnvel er boðið upp á upplestra, fyrirlestra og ýmsa menningarviðburði. Í nútímabókasöfnum er mikið lagt upp úr vinnuaðstöðu fyrir námsmenn, fræðimenn og grúskara, netaðgangi og aðstöðu fyrir netnotkun fyrir íbúa og ferðamenn, sýningar á listaverkum, menningarminjum og áhugaverðum sögulegum

heimildum. Í bókasöfnum er auk þess víða selt kaffi og veitingar. Bókasöfn Fjallabyggðar hafa ekki fylgt með á þessari þróunarbraut, þótt starfsmenn þeirra hafi gert það sem þeir geta innan þeirra fjárhagslegu marka sem þeim hafa verið sett og í þeirri aðstöðu sem fyrir hendi er. Telja má víst að þetta eigi sinn þátt í því að aðsóknin í þjónustuna er ekki meiri en raun ber vitni.

Verðmæti bókasafnsþjónustu

Afar erfitt er að leggja mat á verðmæti samfélagsþjónustu eins og þeirrar sem veitt er í almenningsbókasöfnum. Í fjárhagslegu tilliti fela bókasöfn í sér fjárútlát og litlar tekjur skila sér á móti. Það er því erfitt að færa fjárhagsleg rök fyrir rekstrinum. Það verður því að beita öðrum mælikvörðum en fjárhagslegum til að meta gildi slíks rekstrar.

Erlendar rannsóknir sýna að nemendur í skólum þar sem eru skólabókasöfn ná betri árangri en nemendur í skólum þar sem ekki eru skólabókasöfn[1]. Rannsóknir sýna einnig að bein fylgni er milli gæða skólabókasafna og námsárangurs. Samhengi virðist einnig vera á milli fjármagns sem veitt er til skólabókasafns og brottfalls nemenda.

Könnun sem gerð var í Noregi árið 2005 leiddi í ljós að norðmönnum þykir skattakrónum sem varið er til bókasafnsþjónustu vel varið. Niðurstaða könnunarinnar var að norsk heimili töldu sig að jafnaði fá fjórfalt það verðmæti út úr bókasöfnum sem varið er til bókasafna. Um 40% af niðurstöðunni skýrast af eigin notkun eða notkun náinna ættingja og um 20% af ætlaðri eigin notkun í framtíðinni. Þau 40% sem eftir standa skýrast af gagnsemi bókasafnanna fyrir aðra, þ.e. samfélagslegu gildi bókasafna[2]. Kannanir sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum og Kanada hafa leitt af sér svipaðar niðurstöður og jafnvel meira afgerandi [3]. Í einni slíkri sem unnin var við háskólann í Kansas árið 2000, er mælt með því að bókasöfn fái aukið hlutverk í veitingu upplýsinga til fyrirtækja og þeirra sem undirbúa stofnun fyrirtækja til að auka áhrif þeirra á hagkerfi svæðisins[4]. Bókasöfn geta þannig stutt við stefnu bæjarstjórnar um uppbyggingu atvinnulífs og aukinnar samkeppnishæfni sveitarfélagsins, sé rétt að þeim staðið.

Í rannsóknunum eru almenningsbókasöfn talin hafa eftirfarandi kosti í för með sér fyrir samfélagið:

- Þau bæta lífsgæði íbúa.
- Þau eru hagkvæmar uppsprettur upplýsinga.
- Þau efla hagkerfi viðkomandi svæðis.
- Þau styðja við menningarstarf og menningu.
- Þau efla lýðræði.
- Þau stuðla að læsi íbúa.
- Þau auka þekkingu og hæfni barna og námsmanna.
- Þau stuðla að símenntun alla ævi (lifelong learning).
- Þau stuðla að tölvulæsi og auka hæfni íbúa í upplýsingaleit og rannsóknum.
- Þau hvetja til frumkvæðis og sköpunar íbúa.

[1] Sjá t.d. http://www.det.wa.edu.au/education/cmis/eval/library/value/val2.htm#international
[2] Aabo, Svanhild, 2005: http://www.ifla.org/IV/ifla71/papers/119e-Aabo.pdf
[3] Sjá t.d. http://www.imakenews.com/sirsi/e_article000396335.cfm?x=b4TcM1g,b2rpmkgK,w
[4] http://www.ipsr.ku.edu/resrep/pdf/m260.pdf

Þjónusta bókasafna

Ein af þeim spurningum sem brýnt er að svarað verði áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar um framtíðarrekstur bókasafnanna er hvaða þjónustu á að veita á bókasöfnum Fjallabyggðar í framtíðinni.

Fræðsluefni og upplýsingaleit

Til að bókasöfn Fjallabyggðar geti stutt við nemendur í ólíku námi og á öllum skólastigum og standi undir þeim kröfum sem til þeirra eru gerð skv. lögum og reglugerðum, þurfa þau að veita aðgang að fræðsluefni í meira mæli en nú er gert. Þessari þörf er að hluta hægt að mæta með bættum aðgangi að tölvum til upplýsingaleitar, enda skapar landsaðgangur að tímaritagreinum og þekkingarbönkum í gegnum www.hvar.is góða möguleika á aðgangi að fræðigreinum og þess háttar. Það efni sem þar er aðgengilegt er þó mest á ensku eða öðrum erlendum tungumálum og hentar því ekki öllum notendum. Enn fremur er hægt að nota bætt tölvuaðgengi til að auka nýtingu safngesta á millisafnalánum með aðstoð Gegnis. Millisafnalán eru mjög hagkvæmur möguleiki fyrir lítil bókasöfn og geta sparað þeim mikla peninga vegna kaupa á bókum sem ekki er mikil hreyfing á í viðkomandi safni.

Mikilvægt er að starfsmenn bókasafnsins tileinki sér þekkingu á möguleikum safnanna í upplýsingaleit og geti veitt nauðsynlega aðstoð. Einnig er mikilvægt að notendum safnanna verði búin aðstaða til að nýta sér þær upplýsingar sem þeir kunna að finna.

Hafa ber í huga að eldri borgarar eru stór hluti viðskiptavina bókasafnanna og að þessi hópur hefur takmarkaðan aðgang og þekkingu á upplýsingatækni. Aðgangur að tölvum og aðstoð við nýtingu þeirra á bókasöfnum getur átt sinn þátt í að auka upplýsingatæknilæsi þessara notenda.

Síðast en ekki síst má nefna að hægt er að nota bókasöfn markvisst til að styðja við framkvæmd stefnu sveitarfélagsins með því að leggja áherslu á efni sem fellur vel að efni stefnunnar. Í atvinnumálum gæti þetta átt við um efni sem tengist stofnun og rekstri fyrirtækja, ferðaþjónustu og markaðssetningu og í frístundamálum gæti verið um að ræða efni sem stuðlar að heilbrigðu líferni, s.s. efni um útivist, hreyfingu og heilsu. Þannig má auka þátt bókasafnanna í sköpun samfélagsverðmæta.

Nálægð við viðskiptavini

Gera má ráð fyrir að nálægð við bókasafn og aðgengi hafi áhrif á ásókn íbúa í þjónustuna. Margir þjónustuþega eru aldraðir og börn sem ekki eiga þess kost að koma sér um langar vegalengdir á milli staða á eigin vegum. Verði þjónustan lögð niður á öðrum hvorum staðanna má leiða að því líkum að ásókn þessara hópa muni minnka þeim megin sem það verður gert. Það mun þó fara eftir gæðum þjónustunnar, því umhverfi sem safninu yrði búið og þeim almenningssamgöngum sem í boði verða á svæðinu. Það er því mikilvægt fyrir aðsóknina að þjónustuskerðingu á öðrum staðnum verði mætt með bættri þjónustu og umhverfi á hinum staðnum. Þannig mætti hugsa sé að rafræn pöntunarþjónusta á netinu og heimsendingarþjónusta gæti að einhverju leyti komið í stað útlánaþjónustu á staðnum.

Það er álit hópsins að nálægðin við íbúa sé mikilvæg, en jafnframt að eitt gott bókasafn sé betra en tvö lakari bókasöfn sem rekin eru af vanefnum.

Í Árborg hefur verið farin sú leið að halda bókasöfnunum í minni bæjarkjörnum opnum. Þar er opnunartími svipaður og í bókasöfnum Fjallabyggðar, þ.e. 3 klst. á dag. Bókaverðir í 33,33% stöðum vinna í þessum söfnum á opnunartíma. Innkaup og umsýsla er í höndum forstöðumanns sem er með aðsetur í aðalútibúi safnsins á Selfossi. Aðsókn í litlu söfnin er góð og þau þjóna hlutverki menningarmiðstöðva hvort í sínum bæjarkjarna.

Þjónusta við skóla

Skólabókasöfn grunnskólanna í Fjallabyggð eru lítil og framboð bóka er takmarkað. Söfnin eru svipuð að stærð, yfir 1000 bindi í hvoru safni, en nákvæmar tölur liggja ekki fyrir. Bókakostur safnsins í Ólafsfirði er eldri, enda hefur ekki mikið verið keypt inn af bókum síðustu ár.

Safn Grunnskóla Siglufjarðar er í umsjón ritara skólans og annar ágætlega eftirspurn eftir almennu lestrarefni til frjáls lestrar. Ritari sér um innkaup, skráningu og útlán bóka, með aðstoð íslenskukennara á efra skólastigi, sem sér um útlán í efra skólahúsi. Safnkosturinn er skráður í Word-skjali sem býður ekki upp á leit. Keyptar bækur fyrir um 200 þ.kr. á ári með áherslu á skáldverk fyrir börn og unglinga, en einnig fræðibækur fyrir sömu markhópa. Að sögn ritara er skráning safnsins það sem helst mætti bæta í safninu. Ekki er aðstaða til að kenna gagnaleit í bókasöfnum í safninu, en upplýsinga- og tæknimennt er kennd í samstarfi við Bókasafn Siglufjarðar, sem tekur við hópum frá skólanum á skólatíma.

Í skólabókasafni Grunnskóla Ólafsfjarðar eru á annað þúsund bindi af fræðibókum og skáldverkum fyrir börn. Flestar bókanna eru orðnar gamlar, enda hafa innkaup undanfarinna ára takmarkast við uppflettirit og annað efni sem nýtist í kennslu. Safnið var skráð í Micromarc-skráningarhugbúnaðinum fyrir nokkrum árum, en sú skrá er ekki í notkun. Henni hefur ekki verið haldið við í nokkur ár og ekki er vitað hvar hún er niðurkomin. Verði umsjón skólabókasafnsins falin almenningsbókasafninu felst í því að tengja þarf safnkostinn í Gegni. Eldri skrá mun ekki nýtast við það verkefni.

Vegna þess hve takmörkuð aðstaða er fyrir safnkennslu í Ólafsfirði hefur hún ekki verið í boði fyrir nemendur. Þó hefur gagnaleit verið kennd í tengslum við tölvukennslu í skólanum. Að sögn skólastjóra er mikil þörf fyrir að skólabókasafnið verði bætt og reynsla annarra skóla, t.d. á Dalvík, af áhrifum skólabókasafna á skólastarfið mjög góð.

Í úttekt sem gerð var á rekstri grunnskóla í Ólafsfirði árið 2005 kom fram að bókasafn grunnskólans í Ólafsfirði væri óviðunandi og að aðgerðir til að bæta aðstöðu nemenda til að nýta sér bókasafn í námi sínu væru aðkallandi. Skýrsluhöfundar benda á eftirfarandi lausn: *„Það virðist nærtækast, til að bæta og auka aðgengi nemenda skólanna að bókasafni, að koma á samningi við bókasafnið, þar sem megináhersla yrði lögð á aðgengi nemendanna að fræðibókum og almennu lesefni, annaðhvort með heimsóknum á bókasafnið eða með því að bókasafnið láni tímabundið bækur til skólanna. Væri þá hægt að skipta þeim út með vissu millibili og með hliðsjón af helstu viðfangsefnum nemendanna hverju sinni.“*[5]

[5] Ingólfur Ármannsson og Trausti Þorsteinsson, 1995, Ólafsfjörður- Álitsgerð um máefni grunnskólanna og tónskólans, Akureyri, Skólaþróunarsvið kennaradeildar HA

Í 4. grein laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997 eru heimildir til samrekstrar bókasafna grunnskóla og almenningsbókasafna:

„Heimilt er að sameina almenningsbókasafn og bókasafn grunnskóla, enda sé gerður um það skriflegur samstarfssamningur milli bókasafnsstjórnar og skólanefndar með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna. Við slíka sameiningu skal gera ráð fyrir greiðum aðgangi almennings að þjónustu safnsins utan skólatíma“.

Slíkur samrekstur getur verið með ýmsu móti en telja verður æskilegast að hann sé í húsnæði sem er í góðum tengslum við viðkomandi skóla eða a.m.k. í húsnæði í næsta nágrenni hans. Þó má hugsa sér samstarfs- eða þjónustusamninga við skólabókasöfn þar sem almenningsbókasafnið þjónustaði skólasöfn grunnskóla með því að senda bækur til útláns á skólabókasafninu og leiðbeindi nemendum um upplýsingaleit.

Fyrirhugaður framhaldsskóli í Fjallabyggð eykur þörfina fyrir aðstöðu fyrir námsmenn og rannsóknaraðila og skapar möguleika á samstarfi um bókasafnsrekstur við framhaldsskólann. Í 2. mgr. 4. gr. laga um almenningsbókasöfn eru heimildir til samstarfs um rekstur almenningsbókasafns og bókasafns framhaldsskóla:

„Heimilt skal og að stofna til samningsbundins rekstrar- eða þjónustusamstarfs milli almenningsbókasafns og bókasafns við skóla á framhaldsskóla- eða háskólastigi þar sem slík tilhögun telst henta vegna sérstakra aðstæðna.“

Fjallabyggð gæti þannig tekið að sér rekstur skólabókasafns samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneyti um tiltekinn árafjölda. Með því væri rennt styrkari stoðum undir bókasafnið í Ólafsfirði, auk þess sem samvinnan gæti orðið til að leysa húsnæðisvanda bókasafnsins í Ólafsfirði.

Önnur þjónusta

Hægt er að nýta bókasöfn til að veita ýmsa þjónustu aðra en útlánaþjónustu ef aðstaða er fyrir hendi. Bókasöfnin gætu þannig verið kjörinn staður fyrir upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn. Internetaðgangur, sem útlendingar sækja nokkuð í á bókasöfnum, er þegar fyrir hendi í söfnunum og starfsmenn safnanna búa yfir þekkingu á upplýsinga- og gagnaöflun. Þjónustan myndi væntanlega leiða af sér að hafa þyrfti opið yfir sumartímann. Þessi þjónusta hefur verið útvistuð á Siglufirði en engin slík þjónusta er veitt í Ólafsfirði. Verði stjórnsýsla Fjallabyggðar sameinuð í ráðhúsinu á Siglufirði þegar fram líða stundir, gæti bókasafnið í Ólafsfirði enn fremur þjónað íbúum Ólafsfjarðar sem eins konar upplýsingamiðstöð um starfsemi stjórnsýslunnar og móttökustaður fyrir umsóknir o.fl.

Aðstaða er á skrifstofum Fjallabyggðar á Siglufirði fyrir fjarnámsnema. Slíka starfsemi mætti hæglega reka í tengslum við bókasafnið. Starfsmenn bókasafnsins gætu séð um skráningu og móttöku fjarnámsnema og haft eftirlit með aðstöðunni. Líklegt má telja að slík aðstaða verði byggð upp í tengslum við framhaldsskólann í Ólafsfirði. Verði gert ráð fyrir húsnæði fyrir bókasafn í nýbyggingu fyrir hann væri kjörið að hafa sama hátt á þar.

Auka mætti þjónustu við tölvunotendur með aðgangi að þráðlausu neti á bókasafninu. Bæta mæti námsaðstöðu og jafnvel bjóða upp á aðstöðu fyrir frumkvöðla, þar sem hægt væri að komast í

prentara og ljósritunarvél gegn hæfilegu gjaldi. Kjörið væri að veita aðgang að efni um fyrirtækjarekstur, gerð viðskiptaáætlana og þess háttar á safninu til að styðja við tilraunir frumkvöðla til að stofna fyrirtæki og skapa atvinnu. Á tímum samdráttar og vaxandi atvinnuleysis má einnig nýta bókasöfnin sem athvarf fyrir atvinnulausa þar sem þeir geta aflað sér afþreyingar og þekkingar, auk þess að finna þar félagsskap og hvatningu.

Einnig væri mögulegt að auka hlutverk bókasafnanna og skjalasafns í menningarlífinu með meiri áherslu á sýningar og viðburði tengda bókmenntum og menningarsögu svæðisins, t.d. í tengslum við þjóðlagahátíð, Síldarævintýri, ljóðahátíðina Glóð, Berjadaga og Blúshátíð. Söfnin geta þannig tekið virkan þátt í því sem er að gerast í sveitarfélaginu á hverjum tíma og lagt sitt af mörkum við að auka framboð á afþreyingu fyrir íbúa sem og ferðamenn.

Hagræðingarmöguleikar

Forsendur

Þar sem mörgum spurningum er ósvarað um framtíðarrekstur bókasafna og héraðsskjalasafns byggja hugmyndir að hagræðingu á gefnum forsendum og miðast við núverandi rekstur, þjónustustig og húsnæði. Það er því ekki gert ráð fyrir þeim kostnaði sem gæti hlotist af umbótum í húsnæðismálum, stofnkostnaði vegna húsgagna eða aukinni þjónustu. Miðað er við að núverandi starfshlutfall forstöðumanns á Siglufirði sé 80%, en ekki 50% eins og ráða má af bókfærðum launakostnaði.

Laun og starfsmannakostnaður

Í hvoru safni um sig eru starfsmenn í einu stöðugildi. Þar af er samtals eitt stöðugildi forstöðumanns. Þá er ekki tekið tillit til aukins starfshlutfalls forstöðumanns bókasafnsins á Siglufirði, sem vinnur meira fyrir bókasafnið en skipting launakostnaðar á milli þess og grunnskóla segir til um. Raunverulegt stöðuhlutfall í bókasöfnunum er því um 230%. Með sameiningu safnanna undir einum forstöðumanni mætti auka við opnunartíma og þjónustu miðað við það sem nú er, án þess að bæta við starfsfólki eða minnka mönnun, miðað við sambærilega þjónustu og nú er veitt, um allt að hálfu stöðugildi. Gert er ráð fyrir að starf forstöðumanns yrði að fullu starfi en að starfsmenn í 33,3-50% stöðum sinni almennri bókavörslu á vinnutíma sem miðaðist við og réðist af opnunartíma safnanna. Í Árborg eru rekin tvö útibú frá aðalbókasafninu þar sem opnunartími er svipaður og hér. Starfsmenn þeirra safna eru í 33% stöðugildum sem miðast við opnunartíma. Væri sami háttur hafður á, þ.e. að stöðugildi bókavarða væru minnkuð um 17 prósentustig, myndu sparast um 800 þ.kr. Á móti þessum sparnaði kemur að launakostnaður forstöðumanns, sem bókfærður er á bókasafn, myndi að öllum líkindum aukast.

Inn í þetta spilar þó niðurstaðan varðandi héraðsskjalasafnið. Bókasafn Fjallabyggðar gæti tekið að sér frágang skjala stjórnsýslunnar í skilahæft ástand, í stað þess að til þess væru ráðnir sérstakir starfsmenn. Þannig væri hægt að koma tímabundið til móts við skerðingu starfshlutfalla.

Tvennt kemur í veg fyrir að hægt sé að ná miklum sparnaði í launum starfsmanna bókasafnanna. Annars vegar var skorið niður á safninu á Siglufirði um hálfa stöðu í sparnaðaraðgerðum árið 2005 og hins vegar er vinnuframlag starfsmanna í raun meira en greitt er fyrir vegna kostnaðarskiptingar við grunnskólann. Breytingar á starfshlutfalli forstöðumanns geta því leitt til hækkunar á

kostnaðarhlutdeild bókasafnsins, enda má telja óeðlilegt að grunnskólinn beri kostnaðinn af vinnu í bókasafni.

Húsnæðiskostnaður

Húsnæði það sem bókasöfnin tvö greiða húsaleigu af er samtals 710m^2 og húsnæðiskostnaður er um 39% af samanlögðum heildarrekstrarkostnaði bókasafnanna tveggja. Meðtalið í þeirri tölu er húsaleiga vegna sýningarsalar og listaverkageymslu í ráðhúsinu á Siglufirði, alls um 120 m^2, sem eru um 17% af því húsnæði sem safnið greiðir húsaleigu af. Þessi rými hafa þó hafa ekki verið nýtt undir starfsemi bókasafnsins og því væri eðlilegra að húsaleigan væri bókfærð á aðra starfsemi.

Í bókasöfnum Fjallabyggðar er húsrými að mestu nýtt undir bókahillur og raunveruleg þörf fyrir húsnæði er umfram það sem núverandi húsnæði annar. Við sameiningu á einum stað þyrfti því að bæta umtalsverðu plássi við núverandi húsnæði á þeim stað. Því má telja ólíklegt að mikið pláss sparist við sameiningu safnanna, nema hluta safnkosts væri hent, hann seldur eða pakkað í geymslur. Möguleikar á bættri nýtingu húsnæðis fælust fyrst og fremst í því að afgreiðsla og starfsmannaaðstaða væru á einum stað í stað tveggja. Þess ber þó að geta að lítið rými er nýtt undir slíka aðstöðu í báðum söfnum í dag.

Á Siglufirði fer mikið rými í geymslur undir gamlar bækur og skjöl sem ekki hafa verið flokkuð og skráð. Þetta á bæði við um skjöl í vörslu stjórnsýslunnar og í vörslu skjalasafnsins. Í Ólafsfirði er einnig umtalsvert af bókum á efri hæð safnsins sem ekki hafa verið skráðar og skjölum í bílskúr við bæjarskrifstofurnar og í geymslu í gamla hraðfrystihúsinu. Líklegt er að bæta megi nýtingu húsnæðis og minnka umfangið verulega með grisjun, skráningu og pökkun, en bætt nýting er háð því að settir verði tími og fjármunir í úrbætur í skjalamálum, hvort sem ætlunin er að vista skjölin í eigin skjalasafni eða í Héraðsskjalasafni Eyjafjarðar. Geymsluhúsnæði þarf ekki að vera í sama húsi og bókasafn. Það væri því sennilega mögulegt að finna sameiginlegar geymslur fyrir bókasöfn og skjalasafn í ódýrara húsnæði en nú er notað til þessa, hvort sem starfsstöðvarnar eru ein eða tvær. Með því mætti losa um það rými sem nú er vannýtt í ráðhúsinu á Siglufirði.

Hafa þarf í huga að sparnaður í húsnæðiskostnaði bókasafns leiðir ekki endilega til sparnaðar fyrir sveitarfélagið. Til þess þarf að losa húsnæði varanlega með sölu þess eða leigu. Þó felst í því sparnaður að nýta húsnæði undir aðra starfsemi sem annars hefði þurft að kaupa eða byggja húsnæði yfir.

Aðrir hagræðingarmöguleikar

Í ljósi þess hversu stór hluti kostaðar við rekstur safnsins er starfsmanna- og húsnæðiskostnaður, er vandséð að hagræðing í öðrum rekstrarliðum skili miklum fjárhagslegum sparnaði. Þó má ætla að aukin samþætting í innkaupum á safnkosti gætið skilað betri nýtingu fjármuna til lengri tíma litið, þar sem söfnin kaupa í dag sama efni að einhverju leyti. Með sérhæfingu safnanna mætti t.a.m. takamarka innkaup á sérhæfðum bókmenntum og tímaritum. Slíkar bókmenntir eru þó lítill hluti innkaupa safnanna í dag.

Álitlegasti kosturinn til að lækka kostnað sveitarfélagsins af bókasafnsrekstrinum er því að auka tekjur og ávinning samfélagsins af starfseminni með aukinni aðsókn. Góð aðstaða og aðbúnaður hefur mikil áhrif á nýtinguna og reynsla annarra sveitarfélaga, t.d. Árborgar og Mosfellsbæjar, sýnir að með

uppákomum, eins og þemadögum, upplestri og ýmiskonar menningarviðburðum, má auka aðsóknina umtalsvert.

Niðurstaða vinnuhóps

Niðurstaða vinnuhópsins er að mikilvægt sé að bókasafnsþjónusta sé til staðar í báðum bæjarkjörnum. Vinnuhópurinn telur brýnt að áfram verði reknar tvær starfsstöðvar og að tryggt verði að einhver starfsemi verði á báðum stöðum. Jafnframt telur hópurinn ákjósanlegast að söfnin verði sameinuð undir stjórn eins forstöðumanns til að tryggja samþættingu og halda stjórnunarkostaði í lágmarki.

Það er álit vinnuhópsins að eigi bókasöfn Fjallabyggðar að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru til bókasafna í lögum og reglugerðum þurfi heldur að bæta við þjónustuna en draga úr. Hagræðing í bókasafnsrekstri snúist því um möguleika á að bæta nýtingu þeirra fjármuna sem veitt er til málaflokksins og aukningu tekna. Hafa ber í huga í þessu samhengi að fjármagn til bókasafnsins á Siglufirði var skorið niður árið 2005 og að bókasafnið á Siglufirði hefur undanfarin ár greitt húsaleigu fyrir húsnæði sem ekki tilheyrir starfseminni. Svigrúm til hagræðingar er því takmarkað. Fulltrúar eru sammála um að auka þurfi þjónustu bókasafna, t.d. með bættu aðgengi að tölvum og interneti og aukinni aðstoð við upplýsingaleit. Einnig telur hópurinn að æskilegt væri að viðburðum og uppákomum verði fjölgað til að stuðla að aukinni aðsókn í þjónustuna.

Brýnt er að gerðar verði úrbætur varðandi húsnæði safnanna og að ráðist verði í grisjun safnkosts til að bæta nýtingu húsnæðis. Auka þyrfti rými fyrir lestur og rannsóknarvinnu og gera úrbætur á umhverfi þeirra og aðstöðu. Bókasöfn eru í auknum mæli félagsmiðstöðvar og viðverustaðir fólks, auk þess að vera upplýsingamiðstöðvar, og því er mikilvægt að umhverfið sé aðlaðandi. Einnig er mikilvægt að aðgengi hreyfihamlaðra að söfnunum verði bætt þannig að það standist lögbundnar kröfur til opinberra stofnana.

Þjónusta bókasafna er nauðsynleg stoðþjónusta fyrir námsfólk í skólum, skóla o.þ.h. Því er mikilvægt að áhersla á þessa þjónustu verði aukin áður en nýr framhaldsskóli tekur til starfa. Tilkoma skólans skapar auk þess sóknarfæri fyrir Fjallabyggð sem gæti tekið að sér rekstur skólabókasafns fyrir skólann og rekið það í tengslum við almenningsbókasafnið í Ólafsfirði. Æskilegt er að gengið verði til viðræðna við menntamálaráðuneyti um samstarf um rekstur almenningsbókasafns og bókasafns framhaldsskóla í Ólafsfirði í húsnæði framhaldsskólans. Slíkt fellur vel að áherslum um tengsl skólans og nærsamfélagsins. Brýnt er að málið verði skoðað áður en skólinn verður hannaður en vinna við það er að hefjast.

Æskilegt væri að mörkuð yrði stefna fyrir sameinuð bókasöfn, þar sem hlutverk safnanna yrði skilgreint og skilgreindar leiðir til að auka aðsókn íbúa og auka tekjur safnanna. Markmið slíkrar stefnumótunar væri fyrst og fremst að auka nýtingu á bókasöfnum og auka menningarlegt hlutverk þeirra.

Hópurinn leggur til að héraðsskjalasafn verði áfram rekið í Fjallabyggð og að þeim fjármunum sem nú er varið til Héraðsskjalasafns Eyjafjarðar verði varið til átaks í frágangi skjala hinna sameinuðu sveitarfélaga og úrbóta í aðstöðumálum Héraðsskjalasafnsins á Siglufirði. Starfsemi skjalasafnsins styrkir starfsemi bókasafnsins, auk þess sem bæði störf og menningarminjar haldast í heimabyggð.

Miðað við þann mikla kostnað sem Fjallabyggð hefur af samstarfinu um rekstur Héraðsskjalasafns Eyjafjarðar og samlegðar með bókasafnsrekstri telur hópurinn ólíklegt að eigin rekstur hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir sveitarfélagið til langs tíma litið. Hafa ber í huga að leggja þarf fjármuni í aðstöðubætur vegna safnsins í upphafi og tryggja nægilegt húsrými fyrir safnið. Ef vilji eða möguleikar til þess eru ekki fyrir hendi þykir hópnum þó skárri kostur að sameina Héraðsskjalasafn Siglufjarðar Héraðsskjalasafni Eyjafjarðar og leita eftir samningum um breytta kostnaðarhlutdeild, en að reka skjalasafnið af vanefnum.